

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1862/2006

2009/EES/11/23

frá 15. desember 2006

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 622/2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2320/2002 frá 16. desember 2002 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Framkvæmdastjórninni ber, samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2320/2002, að samþykkja ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd í öllu Bandalaginu. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 622/2003 frá 4. apríl 2003 um ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnreglum um flugvernd<sup>(2)</sup> var fyrsta gerðin sem mælti fyrir um slíkar ráðstafanir.
- 2) Þörf er á ráðstöfunum til að gera sameiginlegar grunnreglur nákvæmari.
- 3) Að því er varðar málmleitarhlið skal mæla fyrir um nothæfiskröfur í tiltekinni gerð. Reglurnar skulu þó endurskoðaðar með reglulegu millibili og a.m.k. á tveggja ára fresti til að tryggja að þær haldi áfram að endurspegla tæknipróun.
- 4) Litið skal á nothæfiskröfur fyrir málmleitarhlið sem fyrsta skrefið til að samræma að fullu tækniforskriftir fyrir slíkan búnað. Til viðbótar þessum kröfum skal

samræma, eins fljótt og auðið er, verklagsreglur um flokkun málmleitarhliða, þ.m.t. prófunaraðstæður.

- 5) Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2320/2002 og til að koma í veg fyrir ólöglegar aðgerðir er rétt að ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003, séu leynilegar og ekki birtar opinberlega. Það sama gildir óhjákvæmilega um allar gerðir sem breyta henni.
- 6) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 622/2003 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 622/2003 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

Ákvæði 3. gr. þeirrar reglugerðar gilda varðandi leynd yfir viðaukanum.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. desember 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jacques BARROT

*varaforseti.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 358, 16.12.2006, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 38, 9.8.2007, bls. 49.

(<sup>1</sup>) Stjtuð. EB L 355, 30.12.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 849/2004 (Stjtuð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 1).

(<sup>2</sup>) Stjtuð. ESB L 89, 5.4.2003, bls. 9. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1546/2006 (Stjtuð. ESB L 286, 17.10.2006, bls. 6).

*VIÐAUKI*

Í samræmi við 1. gr. er viðaukinn leynilegur og skal ekki birtur í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

---